

MENNING LISTIR

PRENTSMÍÐJA MORGUNBLAÐSINS

LAUGARDAGUR 16. APRÍL 1994

BLAÐ C



Morgunblaðið/Kristinn

Ég leita að mörkum listarinnar og spyr til hvers, hvert er hlutverk mitt? Í framlagi samtíðar til myndlistar er fengist við það sem gert hefur verið í sögunni. Listamaður skilgreinir sjálfan sig í verki og krafan um að komast áfram í hugsun beinist inn á við. Listin er ekki raunveruleg, hún er alltaf sviðsetning, önnur vitund. Hún er miðill milli listamanns og áhorfanda, verðleiki sem við gefum okkur. Ég fæ kassa nýtt hlutverk. Gildi hans er list."

Ólafur Gíslason sýnir nú á Kjarvalsstöðum óvenjulegt verk. Glös undir glerhvolfi á hvítum kössum. Háreista stöpla, hreina. Og glös með þornuðum vindreggjum, sum brotin eða með varalit, nákvæmlega upp röðuð.



Er þetta nú list, kann einhver að spyrja, og það er einmitt mergurinn málsins. Hvað er list, hvað gerir hversdagslegan hlut að list? Eða, ef út í það er farið, hvað gerir endurtekingu hefðarinnar að list? Fyrri spurningin vekur áhuga Ólafs og er hér til umræðu. Hann segir mér frá verkinu á Kjarvalsstöðum og færir afstöðu sína í fáein orð.

Stöplaverkið á Kjarvalsstöðum heitir *Vernissage* eða Opnun. Það er hingað komið í breyttri mynd frá Helsinki og Kaupmannahöfn. „Formið er ekki ýkja gamalt," segir Ólafur, „eithvað um 120 ára. Á seinni hluta nítjándu aldar tóku listamenn í Paris þann sið að bjóða til sín fólki að skoða verk áður en þeir luku því endanlega og hófu sjálfa sýninguna. Þannig veittist vinum og kunningjum sá heiður að hafa áhrif á verk áður en það var innsiglað með lakki, *vernís*, eins og athöfnin dregur nafn sitt af.

Ég hef sett hvíta kassa í ýmskonar samhengi síðustu fjögur árin, hafið þá upp og gefið þeim nýja merkingu. Áhrif umhverfisins hafa vakið áhuga minn og kassarnir tengst veruleikanum gegnum fúnksjón eða hlutverk."

Í haust urðu kassarnir nýir aftur og enn, Ólafur sýndi þrjátíu tóma kassa, stöpla, abstrakt form, í Norrænu listamiðstöðinni í Helsinki. Hann nefndi sýninguna *Vernissage* og sendi út boðskort fyrir opnunina. „Svo komu gestirnir," segir hann, „stilltir fyrst, hikandi, með vinglösin sin milli

Gildi kassans er list



Ólafur Gíslason hefur glös á stall undir glerhvolfi á Vernissage á Kjarvalsstöðum.

kassanna. Smám saman brotnaði ísinn og fólkið lagði glös frá sér á þá. Sumir gengu lengra og gerðu eithvað skapandi með tyggjói eða sígarettu, meðvitaðir um áhrif sín. Eftir þetta skráði ég ástandið, merkti nákvæmlega hvaða glas var hvar."

Næsta *Vernissage* var í Kaupmannahöfn, á Globe, og þar hafði sýningin annan brag. Tólf stöplum frá Helsinki var komið fyrir með merktum og númeruðum glösum - dálítið vísindalegum. Á opnuninni bættust 50 vinglög við, sum brotnuðu, og enn skráði Ólafur atburðinn.

Svo kom hann til Reykjavíkur og setti upp það *Vernissage* sem nú er á Kjarvalsstöðum. „Þetta er listasafnið í dæminu," segir hann, „ákveðin jarðarför. Útilokun eða einangrun frá áhorfendum með glerinu ofan á stöplunum. Þvegnu og þússuðu. Listin hafin upp, atburður frá öðrum stað undir gleri. Á opnun sýningarinnar hér átti sér stað sams konar atburður, fólk gekk um með glas í hendi og nú gildi horfið snertið ekki."

Þórunn Þórsdóttir